

L Ö G

um

fræðslumálanefndir.

19
7. maí

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Stjórn barnakennarafjelags Íslands, forstöðumaður kennaraskólans og fræðslumálastjóri skulu skipa fræðslumálanefnd barnaskóla Íslands. Stjórn barnakennarafjelagsins skal kosin skriflega um land alt, enda hafi allir starfandi barnakennarar rjett til að vera fjelagsmenn.

2. gr.

Fræðslumálanefnd barnaskólanna gerir tillögur til ráðuneytisins um námsskrár fyrir barnafræðslu landsins, löggilding kenslubóka, tilhögun prófa og um hámark og lágmark kenslustundafjölda fyrir hvert barn á dag. Ráðherra staðfestir tillögur nefndarinnar og auglýsir þær með hæfilegum fyrirvara. Samþykki fræðslumálastjórnarinnar þarf til að víkja frá námsskrá.

3. gr.

Með reglugerð má fyrirskipa þriggja manna fræðslunefnd við ungmennaskóla landsins. Skal fræðslumálastjóri sjálfkjörinn í nefndina, en meðnefndarmenn skipar ráðherra til þriggja ára í senn úr hópi starfsmanna við framangreinda skóla. Fræðslumálanefnd þessi hefir með höndum hliðstætt starf fyrir ungmennaskólana eins og til er tekið í 2. gr. að því er snertir barnaskóla landsins.

4. gr.

Fræðslumálanefndir starfa launalaust, en fá endurgreidd nauðsynleg útgjöld til síma, brjefaskrifta og aðstoðar.

5. gr.

Nú brýtur skóli í verulegum atriðum í bága við fyrirskipanir þær, sem gefnar eru eftir lögum þessum, og skal þá landsstjórninni skylt að halda eftir styrk eða launagreiðslum til hans, þar til úr er bætt.

19

7. maí

6. gr.
Með lögum þessum eru úr gildi numin eldri lög og fyrirmæli, er fara í bága við þessi lög.

7. gr.
Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 7. maí 1928.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jónas Jónsson.

20

7. maí

L Ö G

um

skifting Gullbringu- og Kjósarsýslu í tvö kjördæmi.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Gullbringu- og Kjósarsýslu skal vera eitt kjördæmi og kjósa einn alþingismann.

2. gr.

Hafnarfjarðarkaupstaður skal vera eitt kjördæmi og kjósa einn alþingismann.

3. gr.

Lög þessi koma til framkvæmdar við næstu óhlutbundnar kosningar til Alþingis í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Fari þá fram kosning á aðeins einum þingmanni, skal hann kosinn fyrir Hafnarfjarðarkaup-